

# Fréttabréf AFLs

3. tbl. 2019

Dreift um allt Austurland

Ábyrgðarmaður: Sverrir Albertsson

## Kjarasamningar í góðri trú

- brugðist verður harkalega við brotum launagreiðanda og vanefndum



Frá samningaviðræðum Starfsgreinasambandsins hjá ríkissáttasemjara í vetur. Hjördís Þóra Sigurþórsdóttir, formaður AFLs, er fyrir miðju á myndinni. Mynd: Ernir Eyjólfsson

**Miðstjórn Alþýðusambands Íslands hefur tilkynnt að aðildarsamtök ASÍ hafi rétt á að rifta einhliða nýgerðum kjarasamningum við þá atvinnurekendur sem ekki virða þá eða hrinda þeim í framkvæmd.**

Meðal þess sem bent hefur verið á síðustu vikur er að fyrirtæki segja upp fyrri ráðningarkjörum við starfsmenn sína og endurráða á lakari kjörum og losna þar með við að greiða umsamda launahækkun. Vitað er um eitt fyrirtæki á Austurlandi sem hefur gripið til þessa ráðs. „Jafnframt er samtökunum áskilinn réttur til þess í kjölfarið að hefja aðgerðir til þess að knýja á um gerð nýs kjarasamnings við viðkomandi aðila og beita til þess öllum tiltækum og lögmætum þvingunaradgerðum til þess að knýja á um gerð þeirra, þar með talið með verkföllum,“ segir í ályktun miðstjórnar ASÍ frá 15. maí.

Það er sótt víðar að nýgerðum kjarasamningum en fyrirtæki hafa einnig gripið til verðhækkana og hefur Alþýðusambandið blásið nýju

lífi í verðlagseftirlit samtakanna og hefur m.a. verið sett upp Facebook síða um verðlagseftirlitið. Um 2.500 manns eru nú þegar virkir á þeirri síðu. Strax á meðan kjarasamningarnir voru í atkvæðagreiðslu tilkynntu nokkur fyrirtæki um fyrirhugaðar verðhækkningar. Það er full ástæða til að hvetja félagsmenn til að vera virkir á þessari síðu og veita fyrirtækjum aðhald.

Forseti ASÍ, Drífa Snædal, fjallaði um þær aðgerðir stjórnvalda sem voru hluti kjarasamninganna, í síðasta forsetapistli sínum. „Við munum halda mjög til haga í allri umræðu að efnahagsmál verða ekki rædd nema í samhengi við félagslegar stöðir samfélagsins og ekki verða gerðar neinar breytingar á lagaumhverfi kjarasamninga og vinnumarkaðar nema í fullri sátt allra aðila. Þá veltur allt traust í áframhaldandi samstarfi á að stjórnvöld efni yfirlýsingu sem gerð var í tengslum við undirritun kjarasamninga. Þar eigum við enn eftir að sjá útfærslu

á lofuðum skattabreytingum enda bíða félagsmenn okkar með óþreyju eftir þeim.“

Það eru blikur á lofti. Um Leifsstöð fóru 20% færri farþegar í apríl en á sama tíma í fyrra og þá er varað við minnkandi hagvexti á komandi mánuðum en við höfum átt að venjast. Það er því full ástæða fyrir launafólk að vera á verði – bæði gagnvart félagslegum undirboðum og vanefndum fyrirtækja á nýgerðum kjarasamningum og einnig vegna verðhækkana.

Það eru fyrirhugaðar skattkerfisbreytingar sem nýgerðir kjarasamningar hvíla að miklu leyti á og voru grundvöllur þess að þeir voru gerðir. Útfærsla á þeim breytingum hefur farið hljótt og samningsaðilar hljóta að ýta á eftir því að þessar breytingar verði gerðir tímanlega þannig að þær komi til framkvæmda á næsta ári.

## Kjaraviðræðum hvergi nærri lokið

Nú standa yfir viðræður við ríkið annars vegar og sveitarfélögin hins vegar um endurnýjun kjarasamninga. AFL Starfsgreinafélag hefur falið SGS umboð sitt í báðum þessum samningum og er Hjördís Þóra Sigurþórsdóttir, formaður AFLs, með öðrum í fylkingarbrjósti í þessum viðræðum en Hjördís er ennfremur varaformaður SGS. Samningaviðræður í báðum þessum stóru samningum ganga hægt. Næsti fundur með samninganefnd Fjármálaráðherra vegna ríkisstofnana, er boðaður undir mánaðamótin en viðræður við sveitarfélögin hafa hingað til aðallega snúist um jöfnun lífeyrisréttinda sem enn eru ófrágangin varðandi félagsmenn almennra verkalyðsfélaga sem starfa fyrir sveitarfélög.

Atkvæðagreiðsla um kjarasamning iðnaðarmanna stendur yfir þegar þetta blað fer í prentun og verða úrslit sennilega kynnt um svipað leyti og blaðið er í dreifingu.

Fyrsti fundur um endurnýjun kjarasamnings Fiskimjölsværksmiðja hefur verið haldinn og eru fyrirhugaðir fleiri fundir á næstu dögum. Þá er og unnið að undirbúningi að endurnýjun kjarasamnings fyrir starfsmenn undirverktaka á álverslóð – en mjög langur uppsagnarfrestur er á fyrirtækjahluta þess kjarasamnings og því líklegt að þeim hluta verði sagt upp fljótlega.

Samningaviðræður við Bændasamtökin eru á lokametrunum og þá er unnið að gerð tveggja fyrirtækjasamninga.

*Hjördís Þóra Sigurþórsdóttir,  
formaður AFLs.*

# Gleði og sorgir í sumarvinnu

## -Til umhugsunar fyrir börn og unglunga, foreldra, ömmur og afa

Nú eru unglingar um það bil að hefja sumarvinnu og fyrir mörg eru það fyrstu skrefin á vinnumarkaði og því mikilvægt að reynslan verði ánægjuleg. Tilgangur sumarvinnunnar er að afla tekna en líka að venjast vinnumarkaðnum, kröfum hans og skyldum og hefja þátttöku í samfélaginu sem fullgildur þátttakandi.

Ef launagreiðandinn stendur við sínar skyldur og gætir að velferð og öryggi nýju starfsmannanna og greiðir þeim rétt laun – getur sumarið orðið ánægjulegt upphaf á vegferð um vinnumarkaðinn. Ef hins vegar

launagreiðandinn ber enga virðingu ber fyrir fólki og öryggi þess og svíkur um kaup og kjör – verður sumarið dapurleg kynni af ömurlegri hlið vinnumarkaðarins.

Barnið eða unglingurinn – er að feta sig um nýjar slóðir og þarf bakhjarla. Þeir sem standa næst eru foreldrar og eldri systkini og nauðsynlegt að þau hafi auga með að rétt sé staðið að málum á vinnustaðnum eftir því sem þau megna.

Bakhjarlinn þegar svo reynir á er AFL Starfsgreinafélag.

### Laun og kjör

Samið er um sérstaka kauptaxta fyrir börn og unglunga.

Laun 17 ára eru 89% af byrjunarlaunum 20 ára.

Laun 16 ára eru 84% af byrjunarlaunum 20 ára.

Laun 15 ára eru 71% af byrjunarlaunum 20 ára.

Laun 14 ára eru 62% af byrjunarlaunum 20 ára.

Aldursþrep ungmenna (starfsmanna undir 18 ára aldri) miðast við fæðingarár.

Á gildistíma núverandi kjarasamnings skulu þeir 16 ára og eldri unglunga sem vinna

eftir bónuskerfi í fiskvinnslu, eða í fiskvinnslu þar sem tekin hefur verið upp föst bónusgreiðsla vegna þess að afköst eru vélstýrð, ekki taka lægri laun en samkvæmt byrjunarlaunum 18 ára.

Þjálfunartími er að hámarki 300 tímar hjá sama atvinnurekanda eða 500 tímar í starfsgrein eftir að 16 ára aldri er náð. Á þjálfunartíma er heimilt að greiða 95% af byrjunarlaunum. Við mat á starfsaldri til launa telst 22 ára jafngilda eins árs starfi í grein.

Í töflunni hér til hliðar má sjá dæmi um laun barna og unglunga við byggingarvinnu og er þá miðað við að um óvana starfsmenn sé að ræða. Hér eru aðeins lágmarkslaun birt – launagreiðanda er að sjálfsgöðu heimilt að greiða hærra laun.

#### Byrjunarlaun í byggingavinnu – lágmarkslaun

| 18 ára | 17 ára | 16 ára | 15 ára | 14 ára |
|--------|--------|--------|--------|--------|
| 1.658  | 1.476  | 1.393  | 1.177  | 1.208  |

Svipaða töflu er hægt að gera um flest störf og vísast í launatöflur AFLs sem birtar eru á heimasíðu okkar [www.asa.is](http://www.asa.is).

Það er algengt að unglingar vinni við greiðasölu – á bensinstöðvum, sjoppum og hótélum og veitingahúsum. Laun á þessum stöðum eru skv. þessari töflu:

#### Almenn vinna - vaktavinna

| Launaf. 5     | Mán. laun | Dagvinna  | Yfirvinna | Stórhátíðir | 33% álag | 45% álag |
|---------------|-----------|-----------|-----------|-------------|----------|----------|
| 16 ára        | 239.861   | 1,394,54  | 2.490,96  | 3.298,09    | 460,20   | 627,54   |
| 17 ára        | 254.139   | 1.477,55  | 2.639,23  | 3.494,41    | 487,59   | 664,90   |
| Þjálfunarlaun | 271.272   | 1.577,16  | 2.817,16  | 3.729,99    | 520,46   | 709,72   |
| Byrjunarlaun  | 285.549   | 1.660,17  | 2.965,43  | 3.926,30    | 547,86   | 747,08   |
| Eftir 1 ár    | 287.391   | 1.670,88  | 2.984,56  | 3.951,63    | 551,39   | 751,89   |
| Eftir 3 ár    | 289.261   | 1681,75   | 3.003,97  | 3.977,33    | 554,98   | 756,79   |
| Eftir 5 ár    | 291.158   | 1.6892,78 | 3.023,68  | 4.003,43    | 558,62   | 761,75   |

Ath. – það eru fleiri töflur sem eiga við á þessum stöðum – sjá nánar á bls. 13 – 14 í launatöflum AFLs á [www.asa.is](http://www.asa.is). Senda má fyrirspurn um hvort launataxtar standist lágmarkskjör á [keli@asa.is](mailto:keli@asa.is) eða [asa@asa.is](mailto:asa@asa.is).

### Líf og limir

Eldra fólk getur rifjað upp sögur af því þegar það var sent til vinnu 10 ára gamalt og vann þá með fullorðnu fólki við hvers kyns erfið og hættuleg störf. Til eru þeir sem finnast þetta hafi verið jákvætt og „bara hert krakkana“. Það má til sanns vegar færa að þeir sem ekki slösuðust alvarlega eða gengu fram af sér – hafi verið harðari á eftir.

Ungt fólk og unglingar eru útsettari fyrir slysum á vinnustaðnum en eldra og reyndara fólk. Þar kemur til að unga fólkið er reynslulítið – þekkir lítt til á vinnustaðnum og jafnframt að ungt fólk getur verið „áhættusæknara“ en þeir sem eldri eru. Á Íslandi hafa um 19% ungmenna fundið fyrir óþægindum og veikindum í tengslum við vinnu.

Það eru strangar reglur um þá vinnu sem unglunga og börn mega vinna. Í reglugerð 426,1999 (Vinnueftirlitið) er listi yfir tæki og vélar sem unglunga mega vinna með:

#### VIÐAUKI 1B

Listi yfir vélar og tæki sem 16 og 17 ára unglunga mega vinna með.


Um er ræða undanþágu frá lista í viðauka 1A.

1. Dráttarvélar, sem eru beintengdar vögnum eða tækjum án drifskatts, enda sé viðkomandi með réttindi til að aka dráttarvél.
2. Lyftarar sem ekki eru vélknúin.
3. Garðsláttuvélar.
4. Bandslípivélar og heftibyssur með þyngd heftis yfir 0,3 gr.
5. Bónvélar.
6. Vinna með háþrýsttæki með styrk þrýstings allt að 150 bör (15 Mpa).
7. Flokkunarvélar og þvottavélar t.d. fyrir kartöflur notaðar við bústörf.
8. Vinna með stingsög.
9. Vinna með léttu rafmagnshögghamra mest 30 mínútur á dag sem hafa styrk sveiflunnar yfir 130 dB.

Börn og unglunga eiga helst ekki að lyfta meiri byrði en 8 – 10 Kg, ekki vinna lengur en til 22:00 (undantekningar t.d. heilbrigðisstofnanir, veitingahús ofl.) Unglingar eiga ekki að meðhöndla eitrefni eða ætandi og leysandi efni og ekki að vinna þar sem búast má við miklu andlegu álagi.

Síðustu áratugi hefur verið mikil vitundarvakning í slysavörnum og þar hefur mikill árangur náðst. Á meðfylgjandi línuriti má sjá dánartölur 10 – 20 ára íslendinga á árabílinu 1981 til 2017. Hér er aðeins litið til þeirra sem dóu af slysförum en ekki þeirra sem létust af sjúkdómum. (*heimild: Hagstofan – dánarorsakir*).

Hér er ekki með nokkru verið að gefa í skyn að þessi dauðsföll séu frá vinnustöðum eða atvinnutengd þó einhver þeirra séu það. Þetta er aðeins til að minna okkur á að með því að vera vakandi fyrir hættu, getum við verndað börnin okkar betur – en á þessum tíma þegar þjóðinni hefur fjölgað um nærfeilt 100.000 íbúa hefur slysatilfellum þessa aldurshóp fækkað um nánast 70%. (Hér eru teknar tölur úr kafla 17 í dánarorsakaskrá Hagstofunnar)



## Svindl og svínari!

Langflest fyrirtæki eru heiðarleg og greiða börnum og unglungum rétt laun og gæta að velferð þeirra og sinna skyldum sínum sbr. reglugerð Vinnueftirlitsins. Örfáir syndaselir valda hins vegar oft miklum skaða. Það sem þarf að passa upp á er helst þetta:

1. Hafa ráðningarkjörin á hreinu við upphaf starfs. Hvaða störf á að vinna, hversu mikið starfshlutfall er ungmennið ráðið til að vinna og hver eiga launin að vera.
2. Reyna að fá skriflegan ráðningarsamning. Ótrúlega mörg fyrirtæki trassa að ganga frá ráðningarsamningum.
3. Gangu úr skugga um að ungmennið sé í verkalýðsfélagi. Það skiptir öllu máli varðandi hagsmunagæslu ef eitthvað bjátar á.
4. Vista öll samskipti – hvort heldur er í tölvupósti eða samfélagsmiðlum – en samskiptin eru stundum eina sönnun þess hvað um var samið.
5. Gangu hart á eftir að fá launaseðla – og passa þá. Ekki setja þá í rassvasann og þvo svo í næsta þvotti.
6. Skrá alla unna tíma. Það þarf ekki að gera flotta tímaskýrslu – en skrifa hjá sér dagsetningu og upphaf starfs og lok. Gera það daglega í lok hvers vinnudags. Það er líka hægt að nota Klukk – sem er smáforrit (app) sem Alþýðusambandið lét gera og er aðgengilegt á netinu.



## Vaktavinna – hvað má og hvað má ekki

Vaktaalög eru miklu lægri en yfirvinnuálag og því reglur um það hvenær megi greiða vaktalög. Vaktaplan á að liggja fyrir – í veitingahúsum t.d. með viku fyrirvara áður en fyrsta vakt skv. því plani hefst. Vaktaplön eiga að taka til fjögurra vikna í senn. (heimil undantekning að gera vaktaplön til 2ja vikna. Sjá kjarasamning) Það á að greiða allar vaktir að fullu. Það hefur verið algengt að þó svo að vakt eigi að standa til 22:00 – sé fólk sent heim um kl. 21:00 ef ekkert er að gera. Þá á engu að síður að greiða vaktina að fullu. Eins á að greiða allar vaktir á vaktaplani – jafnvel þó að vinna falli niður. Í því felst þessi málamiðlun – þ.e. launafólk vinnur utan dagvinnutíma fyrir lægra álag en yfirvinnuálagi – en á móti kemur að unnt er að gera áætlun fram í tímann sem byggir á vaktaplaninu. Vilji launagreiðandi hafa frjálssar hendur um boðun til vinnu og lok vinnudags – getur verið ódýrara að greiða bara yfirvinnuálag og losna þannig undan kvöðum vaktavinnufyrirkomulagsins.



## Tóbak og áfengi

Það er ótrúlega algengt að sjá börn langt niður í grunnskólaaldur afgreiða tóbak í verslunum. Samkvæm lögum mega aðeins 18 ára og eldri selja tóbak og það er auðvitað verslunarstjóra að fylgja þeim lögum og foreldra að hafa eftirlit með að börn þeirra séu ekki að afgreiða tóbak. Hugsunin er að sjálfsögðu að venja börn ekki við að tóbak sé sjálfsögð neysluvara og hlífa þeim við að meðhöndla þessa vöru mikið.

Það er kannski alvarlegra hversu algengt það er að unglingar – stúlkur og drengir séu að afgreiða áfengi og kannski aðeins ein unglingsstúlka á vaktinni að þjóna hóp karla sem situr að sumbli. (AFL stundar ekki virkt eftirlit með vínveitingahúsum og oftast fréttum við af þessu fyrirkomulagi þegar þessir unglingar leita til okkar síðla hausts – þá margsviknir um launagreiðslur.) Aðeins þeir sem eru tvítugir og eldri mega afgreiða áfengi og engir foreldrar ættu að setta sig við að þeirra unglungur sé einn á vakt þar sem selt er áfengi.



## Unglingavinna / Vinnuskólar

Vinnuskólar sveitarfélaga falla ekki undir gildissvið kjarasamninga og hafa verkalýðsfélög því ekkert um málefni vinnuskóla að segja. Engu að síður hefur AFL og önnur félög verið að reyna að veita sveitarfélögum aðhald bæði hvað varðar launagreiðslur í vinnuskólum og eins varðandi verkefni.

Eins og forysta verkalýðsfélaganna skilur málið – eru vinnuskólar sambland af starfi, leik og námi. Ef það vantar námið og leikinn – er þetta bara venjuleg vinna sem greiða á fyrir með umsömdum launum. Leikur og nám getur verið af ýmsum tegundum og eru dæmi um mjög skemmtilega vinnuskóla þar sem sköpunargleði barna fær notið sín í þessu þríeyki starfs, leiks og náms.

Aðrir vinnuskólar virðast snúast aðallega um að láta börnin ganga í verkamannastörf í garðyrkju og viðhaldi lóða.

Þá er og mjög mismunandi hvað sveitarfélög greiða í laun í vinnuskólum – en það er ekki á borði verkalýðsfélaga að semja um þau kjör.

Það er aðeins hægt að hvetja foreldra til að veita bæjaryfirvöldum á hverjum stað aðhald – að vinnuskólinn sé ekki bara starfið – heldur að leikur og nám sé einnig í boði.



Til góðra verka

## Nei - því miður

Á leigusamningum íbúða í Ásatúni og Stakkholti er gefinn upp „Vaktsími“ en nafninu hefur nú verið breytt í „Neyðarsími“. Nokkrir starfsmenn AFLs skiptast á að stilla þennan síma til sín kvöld og helgar og svara þá erindum félagsmanna. Þessi sími er ekki hugsaður sem þjónustusími heldur einungis til að sinna neyðartilfellum sem ekki geta beðið næsta dags.

Því miður er algengt að félagsmenn hringi á nánast öllum tíma sólarhringsins vegna atriða sem í fyrsta lagi er tekið fram í leigusamning eða tengjast ekki „vandamáli eða neyð“ viðkomandi á nokkurn hátt. Meðal algengra fyrirspurna eru:

1. „Hvar er þetta hús?“ (Fólk er búið að hafa leigusamning í lengri tíma og það hefði verið skynsamlegt að undirbúa ferðina.)
2. „Ég gleymdi kortinu mínu.“ Við getum alveg fyrirgefið það af og til – en þegar sama manneskja hringir kl. 1 um nótt í þriðja sinn á nokkrum mánuðum – þá er þetta ekki lengur slys heldur kæruleysi og virðingarleysi fyrir náunganum. Áformað er að fara að taka gjald fyrir „kortareddingar.“
3. „Get ég fengið aukabílastæði í kjallaranum?“ Svarið við þessu er alltaf nei – öll stæði tilheyra einhverri íbúð og jafnvel þó svo að einhver íbúð sé ekki í leigu gæti það breyst – jafnvel að næturlagi og þá á viðkomandi sitt bílastæði. Starfsmenn AFLs geta aldrei heimilað fólk að nota önnur bílastæði en þeirra eigin. Það eru góð bílastæðahús í næsta nágrenni.
4. „Get ég fengið að fara inn fyrir klukkan 15?“ Starfsmenn félagsins geta aldrei gefið leyfi fyrir því vegna þess að ræstingafyrirtækið er með skiptiíbúðir til ráðstöfunar milli 12 og 15. Ræstingafólkið hefur verið liðlegt við að hleypa fólk inn fyrr, en það er alfarið á valdi þess en ekki starfsmanna. Við munum ekki breyta aðgangskortum, þannig að fólk verður þá að passa sig að læsa sig ekki úti.
5. Fólk sem er að fara í aðra íbúð hefur ítrekað mætt í þá íbúð þegar ræstingafólkið er við vinnu og viljað komast inn. Það verður að sýna ræstingafólki leigusamning til að fá leyfi til þess.



Íbúðir AFLs í Ásatúni á Akureyri.

99% félagsmanna AFLs kynna sér skilmála og fara að öllum reglum. Öll fyrirhöfn er vegna fárra einstaklinga sem ekki virðast geta lesið leigusamning og farið eftir skilmálum. Aðeins örfá útköll á ári eru vegna bilana eða af ástæðum sem telja má réttlætanager.

## Ljósmyndasamkeppni AFLs - lokatilraun

Í nokkur ár hefur AFL staðið fyrir ljósmyndasamkeppni ár hvert og eru vegleg verðlaun – eða myndavél að verðmæti kr. 100.000. Það hefur verið nokkuð sveiflukennt hvað margar myndir hafa borist félaginu í þessari samkeppni – og gæði innsendra mynda hafa verið mjög mismunandi.

Í einhverjum tilvikum hefur verðlaunamyndin í raun ekki verið í samkeppni við neinar aðrar myndir þar sem aðrar innsendar myndir hafa ekki uppfyllt skilyrði félagsins um myndefni eða möguleg prentgæði.

Eina skilyrði sem félagið setur – er að myndin sýni fjölskylduna – alla eða að hluta – við leik og dvöl í einum af orlofskostum félagsins. Við áskiljum okkur svo rétt til að birta verðlaunamyndina og í einhverjum tilfellum hafa þær prýtt forsiðu orlofsbæklings félagsins ári síðar.

Við gerum lokatilraun á þessu ári – því ef ekki berast fleiri myndir og frambærilegar að gæðum er þessari samkeppni okkar sjálfhætt.

Það er þó rétt að taka fram að á þessum 10 árum hafa nokkrar mjög góðar myndir borist og ber að þakka það.



Sigurmynd úr sumarmyndasamkeppni AFLs árið 2015.

## Lausir bústaðir víða um land

Enn er möguleiki á að komast í bústaði AFLs í sumar.

Í júní er talsvert um að það séu laus tímabil. Það er mest á Einarstöðum en þar á félagið flest hús. Þá eru fjögur tímabil laus á Illugastöðum þar sem AFL verður með fjögur hús í sumar. Þurranes í Dalasýslu stendur til boða hluta af júní og sömuleiðis er annað hús okkar í Klifabotni í Lóni laust 3 tímabil.

Það er minna laust í júlí – en þó er hægt að komast að á Illugastöðum um mánaðamótin júní – júlí. Eitthvað er laust í Klifabotni og þá er laus þrjú tímabil í Gladhheimum, rétt utan við Blöndós.

Í ágúst er hægt að komast að á flestum svæðum – sérstaklega þegar tekur að líða á mánuðinn. Á Einarstöðum er talsvert laust – Gladhheimar eru lausir stóran hluta ágústmánaðar. Einhver hús eru laus á Illugastöðum undir lok mánaðarins og sömuleiðis húsið í Þurranesi. Í Ölfusborgum eru laus tímabil undir lok ágúst. Þá er annað hús okkar í Klifabotni eitthvað laust.

Félagsmenn geta leigt sjálfir á netinu þessi tímabil og þarf ekki að sækja sérstaklega um. Það eru þó ennþá nokkuð margir ennþá á biðlista vegna húsa og tímabila sem mest eftirspurn var eftir og verða hús sem losna fyrst boðin á biðlistann áður en þau koma á vefinn.

Bústaðir AFLs á Einarstöðum hafa fengið nokkra andlitslyftingu að undanfögnu. Enn er töluvert af lausum tímabilum í þeim.

